

Stjórnskipunarlög
um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenninguskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin.

Skipta má tvímenninguskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvort sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37 gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjárukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjárukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigandi sér að hegða.

24. marz 1934.